

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

MS-H Vaccine augn- og nefdropar, dreifa

2. INNIHALDSLÝSING

Virk innihaldsefni:

Einn skammtur (30 µl) inniheldur:

Mycoplasma synoviae stofn MS-H lifandi veikluð hitanæm, að minnsta kosti 10^{5,7} CCU*

*einingar sem breyta lit (colour changing units, CCU)

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni	Magn innihaldsefna ef þær upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir rétta lyfjagjöf dýralyfsins
Aðlagð Freys-æti með sem inniheldur fenólrautt og svínasermi.	

Appelsínurauð til hörgul hálfagnsæ lausn.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Hænsni.

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Til virkrar ónæmingar hjá holdahænustofnungum, varphænustofnungum og varphænuungum frá 5 vikna aldri til að draga úr skemmdum á loftsekkjum og til að fækka eggjum með galla í eggjaskurn vegna *Mycoplasma synoviae*.

Upphaf ónæmis: 4 vikur eftir bólusetningu.

Tímalengd ónæmis sem dregur úr skemmdum á loftsekkjum: 40 vikur eftir bólusetningu.

Tímalengd ónæmis til að fækka eggjum með galla í eggjaskurn: hefur ekki verið staðfest.

3.3 Frábendingar

Engar.

Sjá einnig kafla 3.7.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Notið ekki sýklalyf með virkni gegn *Mycoplasma* í 2 vikur fyrir eða 4 vikur eftir bólusetningu. Slík sýklalyf eru t.d. tetracyklín, tiamulin, tylosin, kíólón, lincospectín, gentamísín og makrólíð sýklalyf. Þegar nota þarf sýklalyf, ætti fremur að velja lyf sem eru ekki virk gegn *Mycoplasma*, svo sem penisillín, amoxicillín eða neomycin. Þau lyf ætti ekki að gefa innan 2 vikna frá bólusetningu.

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Allir fuglar í hópnum/sama húsnæði verða að vera bólusettir á sama tíma.

Aðeins skal bólusetja hópa sem ekki hafa mótefni gegn *M. synoviae*. Bólusetningu skal framkvæma á fuglum sem eru lausir við *M. synoviae* - að minnsta kosti 4 vikum áður en búist er við útsetningu fyrir meinvirkri *M. synoviae*.

Unghænur skal prófa áður fyrir *M. synoviae* sýkingu. Prófun á tilvist *M. synoviae* í hópnum er yfirleitt gerð með óbeinu greiningarprófi (t.d. RSAT (rapid serum agglutination test) eða ELISA) á blóðsýnum sem rannsökuð eru innan sólarhrings frá því að þau eru tekin. Æskilegt er að framkvæma beint greiningarpróf (t.d. PCR-próf) á því hvort *M. synoviae* sé til staðar vegna þess tíma sem þarf til mótefnavendingar eftir sýkingu.

Bóluefnisstofninn getur borist frá bólusettum fuglum til óbólussettra fugla að villtum tegundum meðtöldum. Þetta getur gerst alla ævi bólusetta fuglsins. Sérstaklega skal varast að bóluefnisstofninn berist til annarra fuglategunda, og nauðsynlegt er að bólusetja alla fugla í hópnum/sem deila sama húsnæði. Bóluefnisstofninn má greina í öndunarfærum hæsnanna í allt að 55 vikur eftir bólusetningu.

Hægt er að greina á milli vettvangsstofna og bóluefnisstofns *M. synoviae* með Hammond-flokkun eða HRM (High Resolution Melt) prófun á rannsóknarstofu.

Smitun af *M. synoviae* kemur af stað jákvæðri skammtíma mótefnasvörun við *Mycoplasma gallisepticum*. Þótt engin gögn liggi fyrir um það, er líklegt að bólusetning með þessu lyfi muni líka kalla fram jákvæð mótefnaviðbrögð við *Mycoplasma gallisepticum* og geti þess vegna truflað sermímælingar fyrir *Mycoplasma gallisepticum*. Ef það reynist nauðsynlegt, er hægt að aðgreina frekar *Mycoplasma* tegundirnar tvær með PCR-prófi á rannsóknarstofu. Sýni sem hægt er að nota í PCR-próf eru meðal annars strok af sýktum svæðum svo sem barka, nefholi, loftsekkjum eða liðum.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið.

Nota skal hlífðarfatnað sem samanstendur af hönskum og öryggisgleraugum þegar dýrallyfið er handleikið.

Ef bóluefni skvettist óvart í augu starfsmanns, skal þvo vandlega augu og andlit með vatni til að forðast hugsanlega svörun við innihaldsefnum í ætinu.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

Aðrar varúðarreglur:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Hænsni:

Engar þekktar.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafyrvalda. Einnig má finna upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Varpfuglar:

Notið ekki handa varpfuglum og ekki innan 5 vikna fyrir upphaf varptíma.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um öryggi og verkun þessa bóluefnis við samtímis notkun neins annars bóluefnis. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til notkunar í auga eða nef.

Hænsni frá 5 vikna aldri

Einn 30 µl skammtur gefinn með dreypingu í auga eða nef.

Þíðið lokað glasið hratt við 33- 35 °C í hitastýrðu vatnsbaði á um 10 mínútum. Ekki þíða við hærri hitastig eða lengur. Notið við herbergishita (22-27 °C) innan 2 klukkustunda frá þíðingu. Blandið innihald glassins með því að hrista það varlega á meðan það er að þíðna. Snúið glasinu ítrekað við eftir þíðnun til að tryggja að innihaldið sé jafnt dreift.

Fjarlægið álinnsiglið og gúmmítappann áður en beitt er dropateljara úr plasti eða öðru tæki til lyfjagjafar. Notið kvarðaðan dropateljara eða tæki til að gefa 30 µl dropa af bóluefni. Forðist mengun bóluefnisins.

Haldið fuglinum með höfuðið hallandi til annarrar hliðar. Snúið dropaglasinu við eða gerið tækið klárt til að mynda dropa á oddinum og láta falla í opið augað þannig að það fyllist. Dropinn (áður en hann losnar) og oddurinn eiga ekki að snerta yfirborð augans.

Leyfið fuglinum að depla auganu áður en honum er sleppt.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Ekki hefur orðið vart aukaverkana eftir 8-faldan yfirskammt.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýrallyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

4. ÓNÆMISFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði: QI01AE03

Bóluefnið kallar fram virkt ónæmi gegn *Mycoplasma synoviae* í hænsnum.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við nein önnur dýrallyf.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 5 ár.

Geymsluþol eftir þiðnun og eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 2 klukkustundir.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið undir -70 °C í að hámarki 5 ár.

Eftir að lyfið kemur úr djúpfrostri, er leyfð skammtímageymsla við eða undir -18 °C allt að 4 vikur.

Bóluefni á ekki að setja aftur í geymslu við -70 °C eftir geymslu við eða undir -18 °C.

Verjið gegn sólarljósi.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

30 ml LDPE (1.000 skammtar) plastglas með butyl gúmmítappa innsiglið með áltappa.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/126/001

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 14/06/2011

Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 17/05/2016

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

{MM/ÁÁÁÁ}

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Lyfseðilsskylt dýrallyf.

Ítarlegar upplýsingar um dýrallyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýrallyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

VIÐAUKI II

AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

Engin.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

ATHUGIÐ: Það er engin ytri askja

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM
MERKIMIÐI Á LDPE GLASI

1. HEITI DÝRALYFS

MS-H Vaccine



2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

1.000 skammtar

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

B. FYLGISEÐILL

FYLGISEDILL

1. Heiti dýrallyfs

MS-H Vaccine augn- og nefdropar, dreifa

2. Innihaldslýsing

Einn skammtur (30 µl) inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Mycoplasma synoviae stofn MS-H lifandi veikluð hitanæm að minnsta kosti $10^{5.7}$ CCU*

*einingar sem breyta lit (colour changing units, CCU)

Hjálparefni:

Aðlagð Freys-æti sem inniheldur fenólrautt og svínasermi.

Appelsínurauð til hörgul hálf gagnsæ lausn.

3. Markdýrategundir

Hænuungar.

4. Ábendingar fyrir notkun

Til virkrar ónæmingar hjá holdahænuustofnunum, varphænuustofnunum og varphænuungum frá 5 vikna aldri til að draga úr skemmdum á loftsekkjum og til að fækka eggjum með galla í eggjaskurn vegna *Mycoplasma synoviae*.

Upphaf ónæmis: 4 vikur eftir bólusetningu.

Tímalengd ónæmis sem dregur úr skemmdum á loftsekkjum: 40 vikur eftir bólusetningu.

Tímalengd ónæmis til að fækka eggjum með galla í eggjaskurn: hefur ekki verið staðfest.

5. Frábendingar

Engar.

6. Sérstök varnaðarorð

Notið ekki sýklalyf með virkni gegn *Mycoplasma* í 2 vikur fyrir eða 4 vikur eftir bólusetningu. Slík sýklalyf eru t.d. tetracyklín, tiamulín, tylosín, kínólón, lincospectín, gentamísín og makrólíð sýklalyf.

Þegar nota þarf sýklalyf, ætti fremur að velja lyf sem eru ekki virk gegn *Mycoplasma*, svo sem penísillín, amoxycillín eða neomycin. Þau lyf ætti ekki að gefa innan 2 vikna frá bólusetningu.

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundum:

- Allir fuglar í hópnun/sama húsnæði verða að vera bólusettir á sama tíma.
- Aðeins skal bólusetja hópa sem ekki hafa mótefni gegn *M. synoviae*. Bólusetningu skal framkvæma á fuglum sem eru lausir við *M. synoviae* að minnsta kosti 4 vikum áður en búist er við útsetningu fyrir meinvirkri *M. synoviae*.

- Unghænur skal prófa áður fyrir *M. synoviae* sýkingu. Prófun á tilvist *M. synoviae* í hópnum er yfirleitt gerð með óbeinu greiningarprófi (t.d. RSAT (rapid serum agglutination test) eða ELISA) á blóðsýnum sem rannsökuð eru innan sólarhrings frá því að þau eru tekin. Æskilegt er að framkvæma beint greiningarpróf (t.d. PCR-próf) á því hvort *M. synoviae* sé til staðar vegna þess tíma sem þarf til mótefnavendingar eftir sýkingu.
- Bóluefnisstofninn getur borist frá bólusettingum fuglum til óbólusettara fugla að villtum tegundum meðtöldum. Þetta getur gerst alla ævi bólusetta fuglsins. Sérstaklega skal varast að bóluefnisstofninn berist til annarra fuglategunda, og nauðsynlegt er að bólusetja alla fugla í hópnum/sem deila sama húsnæði.
- Hægt er að greina á milli vettvangsstofna og bóluefnisstofns *M. synoviae* með Hammond-flokkun eða HRM (High Resolution Melt) prófun á rannsóknarstofu.
- Smitun af *M. synoviae* kemur af stað jákvæðri skammtíma mótefnasvörun við *Mycoplasma gallisepticum*. Þótt engin gögn liggi fyrir um það, er líklegt að bólusetning með þessu lyfi muni líka kalla fram jákvæð mótefnaviðbrögð við *Mycoplasma gallisepticum* og geti þess vegna truflað sermímælingar fyrir *Mycoplasma gallisepticum*. Ef það reynist nauðsynlegt, er hægt að aðgreina frekar *Mycoplasma* tegundirnar tvær með PCR-prófi á rannsóknarstofu. Sýni sem hægt er að nota í PCR-próf eru meðal annars strok af sýktum svæðum svo sem barka, nefholi, loftsekkjum eða liðum.
- Bóluefnisstofninn má greina í öndunarfærum hænsnanna allt að 55 vikur eftir bólusetningu.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

- Nota skal hlífðarfatnað sem samanstendur af hönskum og öryggisgleraugum þegar dýralyfið er handleikið.
- Ef bóluefni skvettist óvart í augu starfsmanns, skal þvo vandlega augu og andlit með vatni til að forðast hugsanlega svörun við innihaldsefnum í ætinu.

Varpfuglar:

Notið ekki handa varpfuglum og ekki innan 5 vikna fyrir upphaf varptíma.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um öryggi og verkun þessa bóluefnis við samtímis notkun neins annars bóluefnis. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýralyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

Ofskömmtn:

Ekki hefur orðið vart aukaverkana eftir 8-faldan yfirskammt.

Ósamrýmanleiki sem skiptir máli:

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við nein önnur dýralyf.

7. Aukaverkanir

Hænsni:

Engar þekktar.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans eða fulltrúa markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafirvalda {lýsing á kerfinu}.

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til notkunar í auga eða nef.

Bólusetja á ungana hvern og einn með því að beita einum dropa (30 µl) frá 5 vikna aldri og að minnsta kosti 5 vikum fyrir upphaf varptímabils.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Hænsni frá 5 vikna aldri

Einn 30 µl skammtur gefinn með dreypingu í auga eða nef.

- Þíðið lokað glasið hratt við 33- 35 °C í hitastýrðu vatnsbaði á um 10 mínútum. Ekki þíða við hærri hitastig eða lengur. Notið við herbergishita (22-27 °C) innan 2 klukkustunda frá þíðingu. Blandið innihald glassins með því að hrista hana varlega á meðan það er að þíðna. Snúið glasinu ítrekað við eftir þíðnun til að tryggja að innihaldið sé jafnt dreift.
- Fjarlægjið álinnsiglið og gúmmítappann áður en beitt er dropateljara úr plasti eða öðru tæki til lyfjagjafar. Notið kvarðaðan dropateljara eða tæki til að gefa 30 µl dropa af bóluefni. Forðist mengun bóluefnisins.
- Haldið fuglinum með höfuðið hallandi til annarrar hliðar. Snúið dropaglasinu við eða gerið tækið klárt til að mynda dropa á oddinum og láta falla í opið augað þannig að það fyllist. Dropinn (áður en hann losnar) og oddurinn eiga EKKI að snerta yfirborð augans.

Leyfið fuglinum að depla auganu áður en honum er sleppt.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Verjið fyrir beinu sólarljósi. Geymið frosið undir -70 °C í að hámarki 5 ár. Eftir að lyfið kemur úr djúpfrosti, er leyfð skammtímageymsla við eða undir -18 °C allt að 4 vikur. Bóluefni á ekki að setja aftur í geymslu við -70 °C eftir geymslu við eða undir -18 °C.

Þegar búið er að þíða það skal það notað innan 2 klst.

Ekki skal nota dýrallyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Leitið ráða hjá dýralækni um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

13. Flokkun dýrallyfsins

Lyfseðlisskylt dýralyf.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkingastærðir

EU/2/11/126/001

30 ml LDPE (1.000 skammtar) plastglas með butyl gúmmítappa og innsiglið með áltappa.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

<{MM/ÁÁÁÁ}>

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi:

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited
4 Fitzwilliam Terrace
Strand Road
Bray
WICKLOW
A98 T6H6
Írland

Framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt:

Laboratoire LCV
Z.I. du Plessis Beuscher
35220 Chateaubourg
Frakkland

Fulltrúar markaðsleyfishafa og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið.

België/Belgique/Belgien

Vetpharm
Oude Iepersestraat 88
BE-8870 Izegem
E-mail: info@vetpharm.be
Tel: + 32 51 30 31 00

Република България

Rhone Vet Kft.
Budapest, Építész u. 24
HU-1116
E-mail: rhonevet@rhonevet.hu
Тел: + 36 1371 1372

Lietuva

UAB Vetmarket
Nemuno g. 4, Virbališkių k., Kaunas
LT-53458,
E-mail: info@vetmarket.lt
Tel: +370 37 384003

Luxembourg/Luxemburg

Vetpharm
Oude Iepersestraat 88
BE-8870 Izegem,
E-mail: info@vetpharm.be
Tel: + 32 51 30 31 00

Česká republika

Rhone Vet Kft.
Budapest, Építész u. 24
HU-1116

E-mail: rhonvet@rhonvet.hu

Tel: + 36 1371 1372

Magyarország

Rhone Vet Kft.
Budapest, Építész u. 24
HU-1116

E-mail: rhonvet@rhonvet.hu

Tel: + 36 1371 1372

Danmark

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited
4 Fitzwilliam Terrace
Strand Road, Bray
WICKLOW
IE-A98 T6H6
Tlf: +353 86 1784658

Malta

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited
4 Fitzwilliam Terrace
Strand Road, Bray
WICKLOW
IE-A98 T6H6
Tel: +353 86 1784658

Deutschland

Gallicare GbR
Leopoldstraße 116
DE-06366 Köthen,
E-mail: info@avicareplus.de
Tel: + 49 3496 30 99 955

Nederland

Vetpharm
Oude Iepersestraat 88
BE-8870 Izegem,
E-mail: info@vetpharm.be
Tel: + 32 51 30 31 00

Eesti

UAB Vetmarket
Nemuno g. 4, Virbališkių k., Kaunas
LT-53458,
E-mail: info@vetmarket.lt
Tel: +370 37 384003

Norge

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited
4 Fitzwilliam Terrace
Strand Road, Bray
WICKLOW
IE-A98 T6H6
Tlf: +353 86 1784658

Ελλάδα

Ελάνκο Ελλάς AEBE
Μεσογείων 335
EL-152 31 Χαλάνδρι, Αττική
Τηλ: +302130065000
E-mail: contact@elanco.gr

Österreich

Gallicare GbR
Leopoldstraße 116
DE-06366 Köthen,
E-mail: info@avicareplus.de
Tel: + 49 3496 30 99 955

España

Ceva Salud Animal, S.A.
Avenida Diagonal, 609-615, 9ª planta
ES-08028 Barcelona,
E-mail: ceva-salud-animal@ceva.com
Tel: + 34 93 2920660

Polska

B4Vet Sp. z o.o.
Ul. Wodna 26, Lubawka, Dolnoslaskie
PL-58-420
E-mail: gabor.kis@B4Vet.com
Tel: +48 728 884 232

France

Laboratoire L.C.V.
ZI Plessis Beucher
FR-35220
Châteaubourg,
E-mail: contact@laboratoirelcv.com
Tél: + 33 (0)2 99 00 92 92

Portugal

Ceva Saúde Animal
Rua Dr. António Loureiro Borges, 9/9A - 9º A
PT-1495-131 Algés,
E-mail: cevaportugal@ceva.com
Tel: + 351 214 228 400
Fax: (+351) 214 228 422

Hrvatska

Rhone Vet Kft.
Budapest, Építész u. 24
HU-1116
E-mail: rhonvet@rhonvet.hu
Tel: + 36 1371 1372

Ireland

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited
4 Fitzwilliam Terrace
Strand Road, Bray
WICKLOW
IE-A98 T6H6
Tel: +353 86 1784658

Ísland

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited
4 Fitzwilliam Terrace
Strand Road, Bray
WICKLOW
IE-A98 T6H6
Tel: +353 86 1784658

Italia

Boehringer-Ingelheim Animal Health Italia
S.p.a.
Via Vezza d'Oglia-3
IT-20139 Milan,
E-mail: BIAHitalia@legalmail.it
Tel: +39 02 5355821

Κύπρος

Activet
Viomichanias 10D
CY-2671, Agioi Trimithias
Τηλ: +357 22 591918
φαξ: +357 22 591917
κινητός: +357 99 615105
E-mail: costas.activet@cytanet.com.cy

Latvija

UAB Vetmarket
Nemuno g. 4, Virbališkių k., Kaunas
LT-53458
E-mail: info@vetmarket.lt
Tel: +370 37 384003

România

Rhone Vet Kft.
Budapest, Építész u. 24
HU-1116
E-mail: rhonvet@rhonvet.hu
Tel: + 36 1371 1372

Slovenija

Rhone Vet Kft.
Budapest, Építész u. 24
HU-1116
E-mail: rhonvet@rhonvet.hu
Tel: + 36 1371 1372

Slovenská republika

Rhone Vet Kft.
Budapest, Építész u. 24
HU-1116
E-mail: rhonvet@rhonvet.hu
Tel: + 36 1371 1372

Suomi/Finland

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited
4 Fitzwilliam Terrace
Strand Road, Bray
WICKLOW
IE-A98 T6H6
Tel: +353 86 1784658

Sverige

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited
4 Fitzwilliam Terrace
Strand Road, Bray
WICKLOW
IE-A98 T6H6
Tel: +353 86 1784658

United Kingdom (Northern Ireland)

Pharmsure Veterinary Products Europe Limited
4 Fitzwilliam Terrace
Strand Road, Bray
WICKLOW
IE-A98 T6H6
Tel: +353 86 1784658